



Bæjarstjórn Blönduósbæjar

14. FUNDUR – 26. júní 2007

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 14. fundar þriðjudaginn 26. júní 2007 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð í fjarveru ritara. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Ársreikningur Blönduósbæjar 2006 – fyrirtæki og stofnanir. Fyrri umræða.**
2. **Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 25. júní sl.**

Afgreiðslur:

1. **Ársreikningur Blönduósbæjar 2006 – fyrirtæki og stofnanir. Fyrri umræða.**

Mættur er Þorsteinn G. Þorsteinsson endurskoðandi KPMG og fór hann yfir ársreikninginn, samstæðu og fyrirtæki. Umræður urðu um ársreikninginn. Vék endurskoðandi af fundi að loknum þessum lið.

Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningi Blönduósbæjar 2006 – fyrirtækja og stofnana til síðari umræðu á fundi bæjarráðs 3. júlí nk. Einn sat hjá.

2. **Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 25. júní sl.**

Fundargerðin kynnt og tekin til afgreiðslu. Varðandi lið 2 í fundargerðinni ítrekar bæjarstjórn að áður en framkvæmdir hefjast þarf að liggja fyrir samþykki þinglýst eiganda. Fundargerðin borin upp og samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00.

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Héðinn Sigurðsson (sign.)

Þórdís Hjálmarasdóttir (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)